

ERINDISBRÉF

Stýrihóps um endurskipulagningu og framtíðarskipan fyrir hverfisráðin

Ábyrgðarmaður:

Dóra Björt Guðjónsdóttir, formaður mannréttinda- og lýðræðisráðs.

Hlutverk stýrihóps:

Stýrihópurinn gerir tillögur að framtíðarskipan og stöðu hverfisráða.

Í vinnunni tekur stýrihópurinn mið af skýrslu um framtíðarsýn fyrir hverfisráð sem unnin var af Stjórnkerfis- og lýðræðisráði á árunum 2017-2018. Stýrihópurinn leggur áherslu á samráð við íbúa í hverfunum og aðra hagsmunaaðila í þessari vinnu m. a með því að bjóða til samræðu á íbúafundum í hverfinu.

Helstu verkefni:

- Að gera stöðu hverfisráða skýrari innan borgarkerfisins. Í því felst m.a. að skilgreina tengingu þeirra inn í borgarkerfið og hvernig efla má aðgengi þeirra að starfsfólki borgarinnar.
- Að skýra valdsvið hverfisráða yfir málefnum og rekstri sem varða starfssvæði þeirra. Útfært sé m.a. með hvaða hætti hverfisráð komi að hverfisbundinni stefnumótun, innleiðingu stefnu, ákvarðanatöku, samráði og útdeilingu fjármagns þvert á borgarkerfið.
- Að efla hverfisráð sem vettvang staðbundinnar valdeflingar. Markmiðið er að þau hafi sterk tengsl við fyrirtæki, félagasamtök, grasrótahreyfingar og íbúasamtök á sínu starfssvæði og gefi íbúum tækifæri til að hafa áhrif í borgarkerfinu.
- Að skila tillögum um verkswið og fyrirkomulag hverfisráða.

Stýrihópin skipa:

3. fulltrúar meirihluta

2. fulltrúi minnihluta

Starfsmaður:

Elísabet Pétursdóttir, verkefnastjóri mannréttindaskrifstofu.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Samráð verði haft við íbúa hverfa, íbúasamtök og hagsmunahópa. Leitast verði við að ná til þeirra íbúa sem endurspegla sem best samsetningu hvers hverfis.

Ráðgjöf fengin hjá sérfróðum aðilum innan og utan borgarkerfis við gerð tillagananna.

Starfstímabil:

Niðurstöður stýrihópsins verði lagðar fyrir borgarráð fyrir 13. nóvember 2018.